

Ís 47 ehf.
Fagraholti 3
400 Ísafjörður

Akureyri, 3. október 2022
UST202202-358/G.S.Á.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 19.08. 2022 – Ís 47 ehf.

Þann 19. ágúst sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Ís 47 ehf., Önundarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending er sett fram er varðar upplýsingar um lífmassa á hverjum tíma. Fjögur frávík komu fram við eftirlit er varða:

- 1. Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Eldið skal staðsett innan þess svæðis sem tilgreint er í viðaukum 1 og 2 í starfsleyfi. Kvíahring hefur rekið í sjónum frá þorpinu á Flateyri og inn Önundarfjörðinn. Rekstraraðila er bent á að hann ber ábyrgð á öllum eldisbúnaði sínum og ber að tryggja að hann sé tryggilega festur, þar sem heimild er fyrir skv. starfsleyfi.
- 2. Gr. 2.3 og 3.1 í starfsleyfi.** Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara yfir 14,0 kg/tonn af framleiddum fiski. Upplýsingar um losun fosfórs vantaði í ársskýrslu rekstraraðila. Heildarlosun fosfórs kemur fram í Grænu bókhaldi en ekki reiknað út á framleitt tonn líkt og kveðið er á um.
- 3. Gr. 3.2 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. **Ársyfirliti var skilað til eftirlitsaðila þann 7. júlí sl. og telst frávíki því lokið.**
- 4. Gr. 3.3 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal færa grænt bókhald og útstreymisbókhald og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. **Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað til eftirlitsaðila þann 7. júlí sl. og telst frávíki því lokið.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 25. október 2022.

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur